

Ed.

278. Breytingartillögur

[36. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist þannig:

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

2. 2. gr. falli niður.